

Samsetningarleiðbeiningar - fljótandi gólf - til viðgerðar á heimilum

SPAANDEX EN 312 P1 TG 4 - HENTAR VEL TIL VIÐGERÐAR Á ELDRI OG SLITNUM GÓLFUM Á HEIMILINU

Plöturnar uppfylla gildandi kröfur byggingarreglugerðar fyrir eldflokk D. K1 10 D-s2,d2. Þegar gert er við gólf á heimilum verður hin fullgerða gólf-samsetning að uppfylla gildandi kröfur byggingarreglugerðarinnar. Til að skipuleggja og laga gólf er mælt með 10 eða 12 mm gólfplötum. Ráðlagt er að nota 16 eða 22 mm plötur ef ójöfnur eru meiri (sjá vörunotkun SPAANDEX K-GULV).

NOTKUN Á HEIMILUM



Hitaflakkur 1, þ.e.a.s. íbúðarrými eða önnur rými sem eru stöðugt undir upphitum, þar sem árlegt rakastig liggur á bilinu 35-65% við 18° C hita. Plöturnar uppfylla gildandi kröfu byggingarreglugerðarinnar fyrir einangrunarflokk D. K1 10 D-s2,d2

MEÐHÖNDLUN Á ÞVI GÓLFI SEM FYRIR ER

Ástand gömlu gólfjalanna og burðarþol skal metið nákvæmlega áður en vinna hefst. Gólfjalinnar eiga að vera traustar og stöðugar og skrúfaðar fastar við undirstöðuna. Ef gólfíð sem fyrir er, er mjög ójafnt, verður, svo framarlega sem það er hægt, að jafna það með því að heflla það eða sparsla með tréflylliefni t.d. Alfix Planmix S 8.

SAMSETNING

Gólfplötur eru lagðar fljótandi á lag af 500 gramma gólfpappa. Ef undirstaðan er steinsteypgólf, verður að leggja kröftuga rakavörn undir gólfpappann. Athugið að ekki er notuð rakavörn á lífræn efni.



Plöturnar eru lagðar þannig að þær bindast saman, á flöt sem er að lágmarki 300 mm. Lím er borið á fjöður/nót. Umframlím skal þurrka af þegar í stað með blautum klút. Það er mælt með PVAc-lími með tegundarheitinu D3. Eftir samsetningu þarf límið að þorna næstu 24 klukkustundirnar. Ekki má ganga á gólfinu meðan það er að þorna. Síðan eru plötur slípaðar, þannig að gólfíð er algjörlega slétt.

ATH! Í tilfellum þar sem gólfplötur eru þunnar

og í háglans er meiri hætta á því að birta frá stórum gluggum aukí áhættuna á sýnilegum samsetningum.

GÆÐATRYGGING

Spónaplötur frá Kronospan ApS eru framleiddar, skoðaðar og merktar samkvæmt fyrirætlum og leiðbeiningum. Spónaplötur frá Kronospan ApS standast kröfur hvað varðar formaldehýðnihald og eru viðurkenndar af Dancert og CE-merktar með

skirskotun til byggingarvörutílskipunarinnar (CPR). Samræmisýfirlýsing um nothæfi (DoP) er að finna á www.novopan.dk iht. Byggevareforordningin (CPR) Ydeevne-deklarationen (DoP) kan findes på www.novopan.dk.



Plötubykk	10 mm	12 mm	16 mm
Stærðir BxL mm	600 x 2400 600 x 1800	600 x 2400 600 x 1800	600 x 2400 600 x 1800
Snið	TG4	TG4	TG4

Opgivne plademål er dækmål.



samsetningarleiðbeiningar



Samsetningarleiðbeiningar - NOVOPAN VEGGUR - lóðrétt og lárétt



SPAANDEX VEGG/GÓLF TG4

SPAANDEX VEGGUR/GÓLF EN 312 P1 TG4/TG2 12 OG 16 MM

Hentar vel til klæðningar innanhúss. Plötur eru notaðar í hitaflokk 1, þ.e.a.s. í rými sem eru stöðugt upphituð og þar sem árlægt rakastig liggur á bilinu 35-65% við 18° C hita. Plöturnar uppfylla gildandi kröfur byggingarreglugerðar flokk D. K1 10 D-s2,d2.

plötur hafa gott þol gegn höggum og slögum og tryggja festingar gera þær hentugar til að hengja upp þunga hluti, eins og t.d. hillur, skápa, málverk o.fl.

HÆGT ER AÐ SETJA TG 4 SAMAN LÓÐRÉTT OG LÁRÉTT


Plötur af gerðinni TG 4 er hægt að setja saman lóðrétt og lárétt á undirstöðu sem er slétt. Plötunum er komið þannig fyrir að þær bindist og ætti að kappkosta að ná yfir tvö bi.

SAMSKEYTI ERU SETT SAMAN LÓÐRÉTT

Plötur með 2 hliða samskeyti skal setja saman lóðrétt og setja saman á miðri lóðréttri undirstöðu. Fjarlægð frá lofti/gólfu og öðrum byggingarhlutum skal vera 5-8 mm. Þegar um fleti er að ræða sem eru stærri en 12 metrar skal smíða útvíkkunarfúgu. Öll plötusamskeyti skal líma með vandvirkni og það verður að nota nóg af lími. Límið á alltaf að vera sýnilegt eftir samsetningu á plötunum og umframlim verður að þurrka af með rökum klút. Þar sem hornsamskeyti snúa innávið, er tekið af plötunni við hliðina að aftanverðu og skal hornið vera upp á 25-30°.

UNDIRSTAÐA FYRIR SAMSETNINGU

Undirstaðan getur verið slétt timbur eða stálvinklar með nákvæmlega cc fjarlægð upp á hámm. 600 mm. Þar sem koma skal fyrir na-




SPAANDEX VEGGUR/GÓLF SAMSKEYTI

glföstum húsmunum eins og ofnum, skápum, o.s.frv., verður að koma fyrir lausholtum á þvert. Rakavörn er komið fyrir eftir leiðbeiningum í SBI 224. Það er mælt með því að nota 0,2 mm PE-málmþynnu, CE-merktu.


ATH! Í badherbergjum, þvottaherbergjum o.s.frv. skal sleppa rakavörn, ef borið er á vegginn vatnspétt MK-vottað efni.

Veggyfirlit		
Þykkt plötu	12 mm	16 mm
Sníð	Samskeyti TG4, TG2	Samskeyti TG4, TG2
Stærðir	600x1800/2400 mm	600x1800/2400 mm
Ferningslaga, sléttir naglar	2,0 x 40 mm	2,5 x 55 mm
Skrúfur	3,5 x 35 mm	4,2 x 45 mm

Opgivne plademål er dækmål.



SPAANDEX VEGGUR/GÓLF TG4



LÍMING OG FESTING

Tvær límröndur eru notaðar á fjöður/nót, önnur er borin á hlið fjáðrarinnar og hlið nótarinnar. Plötur með samskeyti eru límdar með 2 límröndum - ein límrönd yst á samskeytið og önnur í fræsinguna.

Fjarlægð nagla/skrúfu		
Plötukantur	125 mm	150 mm
Milliundirstöður	250 mm	350 mm

MÁLUN


Þétt yfirborð veggplatanna hentar vel til málunar. Naglagöt og samskeyti eru spörsluð og slípuð til.

VEGGFÓÐUR OG VEGGDÚKUR

Samskeyti eru spörsluð og slípuð til þannig að plötuveggurinn er með slétt yfirborð. Fyrir uppsetningu á veggfóðri eða veggdúki er yfirborðið grunnað með góðri grunnmálningu eða lími útþynnt með 1-3 hlutum af vatni. Veggdúknum er komið fyrir með dúkalími. Gler- og trefjadúk skal grunna með einum hluta af plastlími og 2-3 hlutum af vatni, síðan skal nota útþynnt plastlím til uppsetningar. Við hverskonar eftirvinnu er ráðlagt að fylgja eftir leiðbeiningum málningar- eða lakkframleiðanda.

NOTKUN Á KERAMIKFLÍSUM

Ekki er ráðlagt að nota keramikflísar á spónaplötur, þar sem spónaplötur hreyfa sig yfir árið vegna breytinga á raunrakastigi. Það er þó mögulegt með góðu flísalími og fúgu að setja eitthvað upp á litlu svæði í þurru rými eins og t.d. milli eldhússkápa og yfir eldavél, o.s.frv.



Mundu eftir!

ALMENNT

- Spónaplötur af gerðinni EN 312 P1 má aðeins nota í rými þar sem er stöðug upphitun og þar sem raunrakastig liggur á milli 35-65% við 18° C hita.
- Plöturnar aðlagast á um það bil viku á jafnri undirstöðu í því rými sem á að nota þær.
- Öll samskeyti plattanna verður að líma með nægilegu lími þannig að límið verður sýnilegt í samskeytum.


VEGGUR

- Bil verður að vera frá gólfu og lofti, og jafnvel á samsetningu, upp á 5-8 mm.
- Ef festa á síðar meir mjög þunga hluti á plötur, er samsetningin styrkt frekar með auka undirstöðu/lausholtum.

BREYTINGAR Á STÆRÐUM

Spónaplötur af gerðinni P1 stilla sig af í rakatæknilegt jafnvægi með umlykjandi loftinu. Samhengið milli rakainnihald spónaplötunnar í þyngdarprósentu og raunraka umlykjandi lofts er sýnt hér á myndu soggrafi.

- Breytingar og lengd og breidd við 30-90% rakastig er 3-4 mm á plötu. Breyting á þykkt er 3-6%.
- Breyting á lengd og breidd við 10% breytingu á rakastigi. 0,5-0,7 mm á plötu. Þykktarbreyting er 0,5-1,0%



Vörur frá KRONOSPAN eru í stöðugri þróun og tæknifýsingar eru gefnar upp með fyrirvara um breytingar. Auk þess bendum við á gildandi skilmála um sölu og afhendingu. Marts 2018 offenm.com ©



Kronospan ApS
Pindstrup | 8550 Ryomgård |
Tlf. 8974 7400 |
sales@kronospan-dk.dk |
www.novopan.dk